

## **Reglur um innritun barna í leikskóla Garðabæjar.**

Sótt er um leikskólavist í Völu í þjónustugátt Garðabæjar fyrir alla leikskóla í sveitarfélaginu. Leitast er við að börn sem eru orðin 12 mánaða eigi kost á leikskóladvöl. Skilyrði fyrir úthlutun í leikskóla er að barn hafi lögheimili og búsetu í Garðabæ. Hægt er að sækja um fyrir barnið um leið og kennitala þess er skráð en virkur biðlisti er frá 12 mánaða aldri.

### **Úthlutun /innritun í leikskóla.**

Aðalinnritun í leikskóla hefst í mars/apríl en innritað er allt árið eftir því sem leikskólaláss losna. Við innritun í leikskóla er tekið mið af kennitölu barna, þau elstu fá úthlutað fyrst. Leitast er við að innrita systkini í þann leikskóla sem eldra systkini dvelur í þegar að úthlutun er komið samkvæmt aldursröð.

Heimilt er að veita forgang við úthlutun á leikskólalássum og skal þá taka tillit til eftirfarandi atriða:

- Fötlun barna, alvarleg þroskafrávik eða langtíma veikindi.
- Erfiðleikar í félagsumhverfi viðkomandi barns.
- Fötlun foreldra, systkina eða alvarlegra veikinda.
- Aðild barns að barnaverndarmáli.
- Foreldrar yngri en 18 ára.
- Börn starfsmanna leikskóla með lögheimili í Garðabæ.

Leikskólafulltrúi, sérkennslufulltrúi og fulltrúi velferðarsviðs afgreiða forgangsóskir.

### **Innritun.**

Foreldrum er sent bréf þegar barn fær leikskóladvöl. Foreldrar hafa 5 virka daga umhugsunarfrest, eftir það er barnið tekið af biðlista. Dvöl er háð því skilyrði að foreldri skuldi ekki leikskólagjöld vegna eldra systkinis.

### **Uppsagnarfrestur.**

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við fyrsta eða fimmtánda dag hvers mánaðar. Skuldi foreldrar þrjá mánuði er barninu sagt upp leikskóladvöl. Þegar uppsagnarbréf er afhent hafa foreldrar fengið viðvörun og tækifæri til að ganga til samninga um vangoldin gjöld.

### **HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR.**

#### **Starfstími og leikskólagjöld.**

Leikskólar eru opnir mánudaga til fimmtudaga kl. 07.30-16.30 og föstudaga 07.30-16.00. Vistunartími barns er sveigjanlegur frá 20-40 tímum á viku.

Leikskólar eru opnir allt sumarið en börn skulu taka fjögurra vikna samfelld sumarleyfi. Leikskólar eru lokaðir í páskafríi (3 dagar) og fyrsta virkan dag í janúar. Leikskólagjöld falla niður þessa daga.

Leikskólagjöld eru samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni. Einnig er hægt er að sækja um niðurfellingu á leikskólagjöldum ef barn er í fríi á eftirfarandi tímabilum:

- Valfrjálsar frívikur 1-2 vikur – að lágmarki 5 samfelldir dagar.
- Vetrarfríi - 4 samfelldir dagar í febrúar.
- Jólafrí – virkir dagar á milli jóla- og nýárs.

#### **Biðlistagreiðslur.**

Ef barn sem er orðið 12 mánaða og eldri er ekki byrjað í leikskóla en búið að fá úthlutað plássi er hægt að sækja um greiðslur þar til barnið byrjar í aðlögun á leikskólanum. [Sjá nánar hér.](#)

*Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar*

*7. mars 2024*

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.*